

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2	Plötu- og grindarhúsgögn PLG 106 Kennsluáætlun haustannar 2012	

Kennari	Halldór Torfi Torfason	Sk.st.	HTT
----------------	------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing: Í áfanganum er kennd smíði húsgagna úr trégrind og plötuefni með áherslu á samsetningar, spónlagningu og yfirborðsmeðferð. Um er að ræða húsgögn eins og borð, skápa, kommóður og rúm þar sem grindin eða undirstöðurnar eru jafnan úr gegnheilu tré með áföstu eða innfelldu spónlögðu eða máluðu plötuefni. Nemendur læra um mismunandi útfærslur húsgagna af þessari gerð, smíðistengi, efnisnotkun og framleiðsluferli. Í áfanganum er lögð áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og að nemandi geti gengið úr skugga um gæði þeirra smíðaeftna sem unnið er úr og að mál á einstökum smíðishlutum standist fyrir endanlega samsetningu. Kennslan er að verulegu leyti verkleg og byggist á smíðishlutum þar sem komið er inn á alla verkþætti.

Markmið:

Nemandi

- ☐ hafi góða þekkingu á smíðaeftnum sem notuð eru í plötu- og grindarhúsgögn
 - ☐ geti valið gegnheilt tré og plötuefni með hliðsjón af vinnslu og notkun
 - ☐ geti gert grein fyrir kröfum um ástand og gæði viðar og plötuefnis
 - ☐ hafi góða þekkingu á viðarspæni, eiginleikum hans og notkunarviði
 - ☐ geti valið glerjunaraðferð og gler fyrir glerskápa og glerborð
 - ☐ þekki vel smíðistengi sem notuð eru við fjöldaframleiðslu húsgagna
- ☐ hafi góða þekkingu á áhöldum og tækjum sem notuð eru við smíði húsgagna
 - ☐ geti valið áhöld og sérhæfðar trésmíðavélar til töppunar og fræsinga
 - ☐ þekki mismunandi þvingur og pressur til að líma spón og til samsetninga
 - ☐ kunni góð skil á vélbúnaði til að bora og taka úr fyrir smíðisfestingum
 - ☐ þekki hálf- og alsjálfvirkar trésmíðavélar í húsgagnaframleiðslu
- ☐ þekki vel lím- og spónlagningatækni fyrir plötu- og grindarhúsgögn
 - ☐ geti valið lím fyrir spónlagningu og þekki áhrif loftraka á límgæði
 - ☐ geti rökstutt val sitt á lími og spónlagningatækni með hliðsjón af verkefni
 - ☐ þekki vel aðferðir til að kantlíma og spónleggja bogna og hringlaga smíðishluti
- ☐ kunni góð skil á yfirborðsmeðferð plötu- og grindarhúsgagna
 - ☐ þekki vel slípingu og yfirborðsmeðferð bæði í höndum og með vélum
 - ☐ geti valið heppilegt slípi-, litunar- og lökkunarkerfi með hliðsjón af verkefni
 - ☐ þekki til vistvænnar yfirborðsmeðferðar við húsgagnaframleiðslu
- ☐ geti smíðað samsett grindar- og plötuhúsgögn í höndum og með vélum
 - ☐ geti formað og spónlagt mismunandi plötuefni til frekari vinnslu
 - ☐ geti smíðað íhluti í grindar- og plötuhúsgögn og sett saman
 - ☐ geti smíðað og sett upp skúffur með tilheyrandi smíðisfestingum
 - ☐ geti smíðað gluggasprossa og glerjað skápahliðar og skápahurðir
 - ☐ geti slípað og yfirborðsmeðhöndlað plötu- og grindarhúsgögn
 - ☐ geti staðsett og tekið úr fyrir smíðisfestingum í höndum og með vélum
- ☐ þekki viðurkenndar öryggisreglur og öryggisbúnað og vinni í samræmi við þær

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2	Plötu- og grindarhúsgögn PLG 106 Kennsluáætlun haustannar 2012	

Námshöggn: Teikningar og efnisskýrslur unnar af nemendum eftir tilsögn kennara TRÉSMÍÐI – hönnun, útfærsla, verkskipulag, IÐNÚ 2010
STÍLL HÚSGAGNA e. Helga Hallgrímsson, IÐNÚ 1991

Verkefni: Smíðað verður borð með skúffu og viðsnúanlegri spónlagðir plötu.

Áætlun um yfirferð: Námsefnið verður unnið á **mánudögum milli 10 og 16** og á **fimmtudögum frá 13¹⁵–16¹⁰**.

Verkefnið verður einnig teiknað í THG203

Vika:	Verkpáttur
34	Kynning
34 – 48	Teikning, spónvinnsla, útheftun, sögun, kantlíming, fræsingar, tappaskurður og borun, spónlíming, litun, samsetning, pússning og lökkun.

Verkefni: Smíðað verður spónlagt taflborð með skúffu. Burðargrind borðsins verður unnin úr gegnheilum harðviði.

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Verklegt	Annarpróf	20%
Frammistaða á önn	Smíðaverkefni annarinnar.	40%
	Starfseinkunn verkleg Í starfseinkunn er horft á virkni nemenda í tímum, áhuga fyrir verkefnum, vinnubrögð og iðjusemi, framfarir og reglusemi.	20%
	Starfseinkunn bókleg Unnin verða verkefni upp úr bókunum Stíll húsgagna og Trésmíði	20%

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils